

### Starfsfræðsla

Kenndar eru leiðir til að efla sjálfsþekkingu og að taka ákvarðanir á yfirvegaðan hátt. Nemendur útbúa ferilskrár, kynningarbréf og færnimöppur. Nemendur fá þjálfun í atvinnuviðtölum sem eru tekin upp á myndband. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir samhengi menntakerfis og vinnumarkaðar og þekki einkenni íslensks vinnumarkaðar. Áhersla er lögð á virka atvinnu- og námsleit.

### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- mikilvægi góðrar náms- og ferilskrár
- styrkleikum sínum og framtíðaráformum
- hvaða þættir hafa áhrif á náms- og starfsval
- atvinnulífi og framtíðarstarfi

### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afla sér upplýsinga um atvinnulífið og framtíðarstarfsmöguleika
- skoða ólík störf og starfsumhverfið sem þeim tengist

### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útbúa ferilskrá, kynningarbréf og færnimöppu
- gera grein fyrir eigin áhugasviðum og möguleikum á atvinnu og frekara námi
- gera sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum
- kortleggja eigin framtíðaráform varðandi náms- og starfsval

### Námsmat

Mæting, umræður, einstaklings- og hópverkefni.

### Kennslugögn

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd.